**Bekkur:** 7. bekkur

**Námsgrein:** Íslenska

**Kennarar:** Linda Björk Ólafsdóttir, Einar Sigurdór Sigurðsson

**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:** Benjamín dúfa, Þróunarverkefni í orðaforða, Smellur 3, Orðspor 3, Málrækt 2 og 3 ásamt ítarefni frá kennara. Valin verkefni úr Töfraskinnu, Flökkuskinnu og Söguskinnu

**Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D**

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | Að nemandi geti:<br>• Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar<br>• Nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.<br>• Gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi<br>• Hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum, | • Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig frammi fyrir bekkjar-félögum sínum með ýmsum hætti.<br>• Nemendur læra að hlusta á aðra og tileinka sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu.<br>• Nemendur taka þátt í sviðsetningu verka á árshátíð og flytja texta í jólaútvarp. | • Frammistöðumat.<br>• Hlustun.<br>• Allir nemendur taka þátt í Stóru upplestrarkeppnin ni.<br>• Mat á vinnu í jólaútvarpi og árshátíð.<br>• Leiðsagnarmat. |
| **Lestur og lesskilningur** | Að nemandi geti:<br>• Lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta<br>• Skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt.<br>• Geti beitt lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.<br>• Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.<br>• Beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda | • Lögð verður áhersla á að nemendur auki leshraða sinn og bæti framsögn.<br>• Nemendur eiga að lesa heima í 15 - 20 mínútur á dag.<br>• Yndislestur á hverjum degi eða eftir því sem við verður komið.<br>• Samlestur, umræður og hópavinna.<br>• Bókmenntatextar af ýmsu tagi verða lesnir og verkefni unnin úr þeim með áherslu á lesskilning. | • Lesskilningsprófið Orðarún.<br>• Ýmis verkefni úr námsefni vetrarins.<br>• Lesfimipróf.<br>• Símat.<br>• Sjálfsmat.<br>• Vinna í jólaútvarpi metin.<br>• Forpróf og eftirpróf í orðaforða |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | • Orðaforðaverkefni<br>• Vinna tengd jólaútvarpinu. | |
| **Bókmenntir** | Að nemandi geti:<br>• Lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt.<br>• Notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum<br>• Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir.<br>• Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi. | • Nemendur læra vísu og ljóð eftir íslenska höfunda utanbókar og annars munnlegs flutnings<br>• Kjörbók tekin fyrir og unnið með efni úr henni bæði í hóp- og einstaklingsverkefnum<br>• Umræður um bókmenntahugtök | • Fjölbreytt verkefni úr námsefni vetrarins.<br>• Bókmenntagreining<br>• Símat |
| **Ritun** | Að nemandi geti:<br>• Miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum<br>• Tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum.<br>• Skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar<br>• Beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi<br>• Skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi. | • Nemendur eru þjálfaðir í að setja saman texta með inngangi, meginmáli og niðurlagi.<br>• Áhersla er lögð á réttritun og helstu stafsetningar-reglur þjálfaðar.<br>• Nemendur læra um heimildir og gerð heimildaskrár.<br>• Nemendur læra snyrtileg vinnubrögð. | • Kannanir í stafsetningu.<br>• Fjölbreytt verkefni úr námsefni vetrarins.<br>• Símat.<br>• Skriftaræfingar.<br>• Ritunarverkefni.<br>• Heimildaritgerð |
| **Mál og málnotkun** | Að nemandi geti:<br>• Beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína.<br>• Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra<br>• Notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun<br>• Notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta<br>• Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta | • Unnið er með orðflokkana; nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, töluorð og fornöfn út frá helstu einkennum þeirra og hlutverki.<br>• Innlögn á málfræðiatriðum og verkefni unnin í kjölfarið.<br>• Nemendur vinna með tungumálið á fjölbreyttan | • Símat og leiðsagnarmat<br>• Próf í málfræði.<br>• Vinnubækur/verkef nablöð<br>• Forpróf og eftirpróf í orðaforða<br>• Við matið verður leitast við að finna hvað nemandinn getur með því að leggja fyrir hin |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál. | hátt t.d. með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum.<br>• Orðaforðaverkefni | ýmsu verkefni þar sem nemandi getur sýnt fram á þekkingu sína og hæfni |
| | | | |